

Aðalfundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

4. september 2019

Mættir:

Úr stjórn mættu Ásta Jóna Ásmundsdóttir, Andrea Ýr Arnarsdóttir, Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir og að auki 4 aðrir foreldrar.

Dagskrá:

Andrea formaður fór yfir ársskýrslu formanns fyrir liðið skólaár. Þar mátti telja viðburði vetrarins, önnur störf félagsins og ávarp til foreldra og forráðamanna.

Farið yfir ársreikning síðasta skólaárs: Tekjur alls 416.432 kr, gjöld alls 407.194 kr. Staðan nú því réttu megin við núllið.

Farið yfir lög foreldrafélagsins og breytingatillögu á 6. grein í lögum foreldrafélagsins. Er núna: „Stjórnin velur þrjá fulltrúa sína til setu í skólaráði og tvo áheyrnarfulltrúa í fræðslu og skólanefnd, einn af hvoru sviði.“

Lagt til að breyta svohljóðandi: „Stjórnin felur stjórnendum leik og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar að leita með lýðræðislegum hætti eftir þremur fulltrúum til setu í skólaráði, tvo af grunnskólasviði og einn af leikskólasviði. Ef ekki næst að manna skólaráð með þessum hætti skal foreldrafélagið velja fulltrúa sína til þessa. Stjórnin velur tvo áheyrnarfulltrúa í Fræðslunefnd, einn af hvoru sviði.

Lagt fyrir fundarmenn og var það einróma samþykkt.

Varðandi stjórn foreldrafélagsins þá höfðu sumir aðalmenn ákveðið að gefa kost á sér aftur í stjórn og höfðu áhugasamir foreldrar boðið sig fram í stjórn, í þau pláss sem þurfti að manna. Stjórn foreldrafélagsins verður eftirfarandi: Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir (formaður), Bára Tómasdóttir (gjaldkeri), Ásta Jóna Ásmundsdóttir (ritari), Andrea Ýr Arnarsdóttir, María Ragnarsdóttir og Inga María Sigurðardóttir.

Í varastjórn verða Guðlaug Ásmundsdóttir, Sigurður Ólafsson, Baldvin Örn Einarsson og Berglind Sigurðardóttir.

Fundi slitið.

Ásta Jóna Ásmundsdóttir, ritari.